

12. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum, er skaðabóta-skyldur samkvæmt almennum reglum.

Slíkt brot skal varða fésektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

13. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn, sem hafa viðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum.

14. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglu-gerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 24. apríl 1973, um Jafnlaunaráð.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G**um breyting á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við vegalög, nr. 66 14. júlí 1975, komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 10.—11. gr. laga þessara skal bráðabirgðavegáætlun samþykkt einungis fyrir árið 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.